

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit**  
**Austurlands nr. 997/2006 með síðari breytingu nr. 1203/2007.**

## 1. gr.

2. gr. orðist svo:

Tímagjald	kr. 8.000
-----------	-----------

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 11.500
--	------------

Gjald fyrir sýni sem tekin eru skv. samningum eða að ósk einstaklinga eða fyrirtækja er kr. 11.500 að lágmarki, en sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknastofu hærri skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi. Einnig skal innheimta akstursgjald skv. tímagjaldi ef ekki er unnt að samnýta ferðir vegna sýnatökunnar.

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfsemanni, skv. eftirlitsáætlun.

Áætluð tiðni eftirlits í fyrtækni eða starfsstöð skal kynt starfsleyfishafa í fylgibréfi með starfsleyfi. Þar skal enn fremur tekið fram hver flokkun fyrtækisins er og hvort sýnatökur eru innifaldar í eftirlitsgjaldinu. Eftirlitsaðila er heimilt að fjölgja tímabundið eftirlitsferðum ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Hækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur.

Eftirlitsaðila er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti með atvinnurekstri sem tekur þátt í umhverfisstjórnunarkerfi t.d. ISO 14001 og sbr. reglugerð um frjálsta þáttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB (EMAS). Þá er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

Sé atvinnurekstur starfræktur í a.m.k. fjögur ár í röð án þess að heilbrigðisfulltrúi sem sinnir eftirliti hafi gert athugasemdir er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti og lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

## 2. gr.

3. gr. orðist svo:

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi og þjónustu eins og hér segir:

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	kr. 12.000
og eftirlitsgjald í samræmi við viðkomandi fyrtækjaflokk	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	

Endurnýjun og/eða breyting á starfsleyfi:

Starfsleyfisgjald	kr. 8.000
og auglýsingakostnaður ef við á.	

Nr. 1076

5. nóvember 2008

Önnur starfsleyfi og leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun, t.d. tóbakssöluleyfi:  
Starfsleyfisgjald kr. 12.000  
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,  
ferðar, úttektar og frágangs,  
ásamt auglýsingakostnaði ef við á .

Endurnýjun annarra leyfa, sbr. hér að ofan:  
Starfsleyfisgjald kr. 8.000

Fyrir leyfi útgefin vegna sölu á útimörkuðum eða aðra skammtíma starfsemi:  
 $\frac{1}{2}$  leyfisgjald kr. 6.000  
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks  
eða gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,  
ferðar, úttektar og frágangs,  
ásamt auglýsingakostnaði ef við á .

Gjald fyrir aðra þjónustu svo sem samantektir í eftirlitsskýrslum og bréfum á ensku (ekki  
þýdd af löggiltum þýðanda og einungis til hægðarauka fyrir erlenda rekstraraðila) óski  
rekstraraðili eftir slíku:  $\frac{1}{2}$  tímagjald.

3. gr.

Gjaldskrárbreytingar þessar voru samþykktar á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Austurlands  
bs. þann 5. nóvember 2008 í samræmi við 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og  
mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2009.

F. h. heilbrigðisnefndar Austurlands, 5. nóvember 2008.

**Helga Hreinsdóttir**, framkvæmdastjóri HAUST.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. nóvember 2008